



The  
REYKJAVÍK  
GRAPEVINE

Issue 15 × 2012

September 21  
- October 4

[www.grapevine.is](http://www.grapevine.is)

YOUR FREE COPY

THE ESSENTIAL GUIDE TO LIFE, TRAVEL & ENTERTAINMENT IN ICELAND

POLITICS

That old Nazi  
clause...

ART

The writing's on  
the wall!

TRAVEL

Some tourism staples!

MUSIC

Get your Airwaves  
Journal on!

FILM

RIFF-O-RAMA!

All is going swimmingly for

Baltasar Kormákur these days!



Director  
Baltasar Kormákur

Emerging  
From  
The Deep

6.3.21

# Kennslumálasjóður

Lokaskýrsla fyrir verkefni sem var styrkt árin 2017 & 2018

**Björn Þór Vilhjálmsson**  
**Dósent í kvikmyndafræði og almennri**  
**bókmenntafræði**  
**Íslensku- og menningardeild**

Árið 2017 sótti ég um styrk til Kennslumálasjóðs fyrir verkefni sem kynnt var til sögunnar undir yfirskriftinni „Kvikstreymi – stafræn þekkingarveita á sviði kennslu og rannsókna í kvikmyndafræði“. Verkefninu var veittur styrkur sem hljóðaði upp á 1.000.000 kr. Óhætt er að segja að málalokin hafi komið mér í opna skjöldu. Nokkrir mánuðir voru síðan ég tók við lektorsstarfinu og í rauninni var umsóknin unnin og lögð fram undir fánamerkjum „æfingin skapar meistarann“ – en við efnið var of margt nýtískulegt, framandi og án forvera og hefðar, sem var það sem ég þá hélt, eiga svona „bleeding edge“ verkefni alltaf erfitt uppdráttar. Auðvitað voru þetta prufukeyrslur á skýringum sem mýkt gátu afsvarið. Styrkurinn sýndi hins vegar hversu skammt á veg ég var kominn í listinni að lesa huga samkeppnisstyrkja, allar voru þessar hugmyndir mínar afsannaðar. Ennfremur – og þetta verð ég að leggja áherslu á – hleypti styrkveitingin miklum krafti í mig og samkennara mína, sem ég held að enn megi finna fyrir á góðum stundum. Jafnframt tryggði Kennslumálasjóður að ég myndi hafa vísan stað fyrir allan minn frítíma næstu árin, sumartímamann og laus kvöld, hátíðarfríin og helgarnar – verkefnið sem hér um ræðir er óendanleg tímahít. Það hefur líka verið ósegjanlega gefandi að sjá það breytast úr hugmynd sem maður lék sér með yfir í að vera næstum tilbúin rannsóknarinnviði, raungerast með öðrum orðum og taka sér stöðu í heiminum.

[Innskot: Grein eftir mig um þetta verkefni birtist í næsta hefti Sögu. Þar þakka ég Kennslumálasjóði í annarri eða þriðju línu, það var stuðningur ykkar sem gerði þetta allt mögulegt. Við hefðum labbað í burtu frá þessu verkefni ef ekki hefði verið fyrir styrkinn, það veit ég fyrir víst.]

Í umsókninni er verkefninu lýst með þessum hætti:

„Kvikmyndafræðin hefur hafist handa við þróun kennslu- og veffræðaumhverfis sem nefnist „Kvikstreymi – stafræn þekkingarveita á sviði kennslu og rannsókna í kvikmyndafræði“ með það að markmiði að nýta gagnvirkni, hýsingarmöguleika, grafískt umhverfi og aðgengileika sértækra vefsvæða til að styrkja kennsluhætti, umfjöllun um íslenska kvikmyndamenningu og – sögu, sem og nemendavirkni í námsgreininni í heild. Kvikmyndafræðin hefur í því skyni virkjað lénin [kvikmyndafrædi.hi.is](http://kvikmyndafrædi.hi.is) og [islenskquikmyndafrædi.hi.is](http://islenskquikmyndafrædi.hi.is). Hér er sótt um styrk til að halda áfram

vinnunni sem hafin er við þróun notenda- og nemendavæns fræðaumhverfis, viðhalda því og ljúka tilteknu lykilverkefni.“

Lykilverkefnið sem þarna er vísað til er áður nefnt Kvikstreymi, stafrænt gagnasafn þar sem umfjöllun um kvikmyndir íslenska þjóðarbíósins í prentmiðlun væri haldið til haga, henni raðað upp og gögnin flokkuð, „allt frá því að fyrst berast fréttir af því að gerð hennar sé fyrirhuguð til viðtökusögunnar, fyrstu dómanna og svo áfram í gegnum sögu tuttugustu aldarinnar. Allri markverðri umræðu um viðkomandi kvikmynd verður miðlað í tímaröð, allt til dagsins í dag (eðli hlutanna samkvæmt er ævisaga elstu myndanna lengri og umfangsmeiri en þeirra sem nýjar eru), og vísað til með greinargóðum hætti.“

Framtíðarsýn umsækjanda varðandi verkefnið er þvínæst lýst:

„Framtíðarsýnin er sú að til verði þekkingarveita og tæki sem efli rannsóknir fræðimanna á íslenskri kvikmyndasögu og menningu, sem og kennslu í kvikmyndafræði og vikka starfs- og rannsóknarramma nemenda í sömu grein með því að fylla að hluta í þá eyðu sem skortur á skrifum og rannsóknum á sviði íslenskra kvikmynda skilur eftir sig.“

Ári síðar sótti ég um framhaldsstyrk sem einnig var veittur, að þessu sinni var fjárhæðin 750.000 kr.

Í fylgiskjalinu er grein gerð fyrir stöðu verkefnisins og árangri uppbyggingarvinnunar sem innt var af hendi er lýst. Hér vildi ég hins vegar setja verkefnið örstutt í víðara samhengi. Í framhaldsumsókninni er tilraun einmitt gerð til þess og eru þá nefnd til sögunnar tvö önnur verkefni kvikmyndafræðinnar sem á þessum tíma voru nýhafin. Annars vegar uppbygging hugtakasafns á sviði kvikmyndafræða og hins vegar er vikið að starfi hinnar nýskipuðu gagnrýnendasveitar Kvikmyndafræðinnar, **Engra stjarna**. Þegar fram liðu stundir skýrðist hugmyndin og tók að snúast um að sníða kvikmyndafræðinni hagkvæman samtengdan miðlunarvettvang og íverustað á netinu og skref hafa verið tekin í þá átt.

Þannig hefur starf **Engra stjarna** sífellt orðið umfangsmeira og býsna viðamikið dómasafn sem tekur til kvikmyndaskrifa yfir fjögurra ára tímabil – um 200 dóma er þar að ræða –hefur orðið til á vefsvæði Kvikmyndafræðinnar, kvikmyndafrædi.hi.is. Þá hefur hugtakasafnið sömuleiðis vaxið og dafnað og fyrir ári hófst vinna við að gera það gagnvirkt og margmiðlunarvætt, verkefni

sem gengur prýðilega, eins og sjá má hér: yrir þremur árum stóð greinin fyrir tveimur ráðstefnum sem frá upphafi voru hugsaðar sem árlegur viðburður: kvikmyndafræðipingið „Samtímarannsóknir í kvikmyndafræði“ sem leitast er við að kynna vel og er öllum opið og kennslufræðilega og samfélagsmiðaða ráðstefnan „Kvikmyndir og kennsla“, sem er „lokuð“. Lokaða ráðstefnan er tilraun að uppbyggingu samræðuvettvangs og faglegs tengslanets fyrir kennara sem kenna kvikmyndatengd námskeið á framhaldsskólastigi. Jafnframt myndar ráðstefnan brú milli skólastiganna. Síðarnefnda atriðið styrkir kvikmyndafræðina sérstaklega með því að kynna hana fyrir þeim hópi nemenda á framhaldsskólastigi sem líklegastir eru til að hafa áhuga á háskólanámi á því sviði.



**KENNSLA OG KVIKMYNDIR**

Ráðstefna um kvikmyndakennslu í framhaldsskólum, haldin í sal 4 í Háskólabíói þriðjudaginn 26. febrúar kl. 13–16.

Ráðstefnan er samræðuvettvangur fyrir framhaldsskólakennara sem kenna kvikmyndafræðitengd námskeið og þá sem nýta kvikmyndir í kennslu.

UNIVERSITATIS ISLANDIAE HUGVINDASVIÐ



**KENNSLA OG KVIKMYNDIR 2021**

Rafræn ráðstefna um kvikmyndakennslu í framhaldsskólum verður haldin kl. 11 laugardaginn 6. mars 2021. Ráðstefnan er samræðuvettvangur fyrir framhaldsskólakennara sem kenna kvikmyndafræðitengd námskeið og þá sem nýta kvikmyndir í kennslu.

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM

RÁÐSTEFNA OG SAMRÆÐUVETTIVANGUR

# KENNSLA OG KVIKMYNDIR

**6 MARS | 11 AM**

**ÁSGRÍMUR SVERRISSON - „ÍSLAND: BÍÓLAND“**

**BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSOON - „ÞROT  
ÍSLENSKRAR KVIKMYNDASÖGU? MIÐLUN  
MENNINGARARFS Á TÍMUM  
STREYMISVEITUNNAR“**

**GUNNAR TÓMAS KRISTÓFERSSON - „KENNSLA  
Á KVIKMYNDASÖGU ÍSLANDS“**

**HÁKON MÁR ODDSSON - „KENNSLA,  
KVIKMYNDIR OG COVID“**

**NÖKKVI JARL BJARNASON -  
„KVIKMYNDASTEFNA TIL 2030“**

**ZOOM: [HTTPS://EU01WEB.ZOOM.US/J/62900120050](https://eu01web.zoom.us/j/62900120050)**



**13:00**  
Gunnar Tómas Kristófersson  
„Íslenskar költmyndir“

**13:30**  
Jóna Gréta Hilmarsdóttir  
„Kynbundin orðræðugreining á viðtökum íslenskra kvikmynda“

**14:00**  
Björn Þór Vilhjálmsson  
„Þurfum við að cansela  
Lars von Trier?“

**14:30–15:00**  
HLÉ

**SAMTÍMARANNSÓKNIR Í  
KVIKMYNDAFRÆÐI**

**15:00**  
Nikkita Hamar Patterson  
„Gunning for Film Studies:  
Trigger Warnings, Extreme Cinema  
and the Classroom“

**15:30**  
Nökkvi Jarl Bjarnason  
„Framing Final Fantasy:  
A Preliminary Study of the Relationship  
Between Final Fantasy and Cinema“

**16:00**  
Luca Panaro  
„Ludos in Mythos:  
God of War and the  
Subversion of Snorri“

Einu sinni var ... í Hollywood



## Einu sinni var ... í Hollywood

Í Kvikmyndir, Rými höf. Sijja Björk Björnsdóttir / 24. september, 2019

Umfjöllunin inniheldur spilliefni

Prenta

Einu sinni, fyrir langa langa löngu í landi sem nefnist Hollywood gengu kúreki og áhættuleikari inn á ölkelduhús. Þeir voru mildir vinir, þeir Rick Dalton (Leonardo DiCaprio) og Cliff Booth (Brad Pitt), enda nánast óaðskiljanlegir. Frægðarsól sjónvarpsstjórnunnar Rick Dalton er þarna tekin að dvína en hann rígheldur samt í áhættuleikara sinn, Cliff, dálítið eins og einhver sem þráast við að henda gömlum gallabuxum sem ekki passa lengur utan um svert mittismálið.

Þegar að umfangsmesta verkefni Kvikmyndafræðinnar kemur, Kvikstreymi, má segja að aðalatriðin séu eftirfarandi:

Með tveggja ára styrk frá Kennslumálasjóði náðist undraverður árangur – finnst mér þegar litið er um öxl:

- Grunnhugmyndin unnin áfram og þróuð, snuðrur sem hlupu á þráða urðu tilefni til heilabrota en svo ávallt lausna.
- Vefumhverfið hannað með hliðsjón af væntanlegum notendakröfum, markmiðum aðstandenda og kerfissjónarmiðum.
- Prufuútgáfa af vefumhverfinu sett upp (sjá [islenkkvikmyndafrædi.hi.is](http://islenkkvikmyndafrædi.hi.is)). Að mestu leyti er ánægja með niðurstöðum.
- Myndræna hliðin þarfnast vinnu. Leitað var samstarfs við Kvikmyndasafn Íslands um það og gekk það greiðlega.
- Heildrænn listi yfir þá leikstjóra sem munu verða í gagnagrunninum var tekinn saman og settur upp. Myndir útvegaðar.
- Farið var í eins nákvæma kerfisprófun og mér var unnt að hrinda í framkvæmd. Aðgerðarlisti með um þrjátíu tilvikum/atríðum var settur saman í kjölfarið. Þau bíða þess að vera framkvæmd.
- Allmiklu efni var hlaðið inn á vefinn, lunganum af því sem fyrir lá.

Jafnframt var ljóst að áætlanir sem lagðar voru fram í umsóknunum tveimur til Kennslumálasjóðs, einkum þeirri seinni, um að í sjónmáli væri endirinn, voru algjörlega úr lausu lofti gripnar. Það sem rann upp fyrir mér og þeim sem aðstoðuðu mig við vinnuna við gagnagrunnin – er þar helst að nefna Kjartan Má Ómarsson, Katrínu Guðmundsdóttur og Gunnar Tómas Kristófersson – var að um risavaxið verkefni væri að ræða. Það eitt að koma gagnagrunninum á laggirnar myndi umbylta íslenskum kvikmyndarannsóknum með svo altækum hætti að engin fordæmi eða hliðstæður eru til staðar. Um meiriháttar rannsóknarinnviði er hér að ræða.

Tvennt er rétt að taka fram hér. Á ákveðnum tímapunkti rann það upp fyrir mér að Kvikstreymi hljómaði eins og samkeppnisaðili við Netflix, eins og streymisveita með öðrum orðum, og nafninu var breytt í Myndvísi. Hitt er að kvikmyndasögunaámskeið Kvikmyndafræðinnar, eitt af skyldunaámskeiðunum, var virkjað inn í Myndvísi og „kvikmyndasögulegt rannsóknarefni“ innlimað sem prófform í áfangann. Leiddi það til þess að um á bilinu 15-20 ítarlegar ritgerðir um ævi og verk íslenskra leikstjóra bættust við inn í gagnagrunnin (sjá t.d. Róska, Guðný Halldórsdóttir, Baltasar Kormákur, Friðrik Þór). Gafst verkefnið vel og ánægja var með það meðal nemenda.

Uppsetning kvikmyndasögulega rannsóknarverkefnisins var með eftirfarandi hætti:

***Kvikmyndasögulegt hópverkefni (20%)***

Í upphafi annar verður nemendum skipt í hópa (ef sérstakar óskir eru um að vera saman í hópi skal hafa samband við kennara með tölvupósti í fyrstu viku námskeiðsins) til að vinna kvikmyndasögulegt rannsóknarverkefni á sviði íslenskrar kvikmyndasögu. Hver hópur ákvarðar í upphafi talsmann hópsins og mun sá nemandi sjá um samskipti við kennara fyrir hönd hópsins.

Rannsóknarverkefnið felst í ritun á kvikmyndasögulegri greinargerð um tiltekinn íslenskan kvikmyndagerðarmann, en hópunum verður úthlutaður kvikmyndagerðarmaður til að fjalla um. Miðað er við að greinargerðin sé 1500 orð og þar verði fjallað um þætti á borð við:

- Ævisöguleg atriði/lífshlaup
  - o Fæðingardagur/dánardagur
  - o nám í kvikmyndagerð
  - o starf innan kvikmyndaíðnaðar áður en fyrstu mynd leikstýrt
  - o önnur störf
- Mikilvæga bautarsteina og kvikmyndastarf í víðu samhengi
  - o Viðurkenningar og verðlaun
  - o Framleiðsla og fyrirtækjarekstur
- Ferillinn
  - o Yfirlit yfir leikstjóraferilinn frá fyrstu mynd
    - Hafa hér í huga sjónvarpsmyndir/leikrit f. sjónvarp
  - o Nánari gaumur gefin tilteknum mikilvægum myndum
    - Söguþræði lýst stuttlega
    - Viðtökum lýst stuttlega
  - o Einkenni og áherslur leikstjóra hvað efnistöð og stíl varðar
  - o Ummæli leikstjóra í viðtölum um eigin myndir og ísl. kvikmyndagerð
  - o dreifing/velgengni í útlöndum

Verkefnið samanstendur af gagnaöflun annars vegar og úrvinnslu hins vegar. Hafa þó í huga að umtalsvert svigrúm er fyrir efnistöð og ólíkir leikstjórar kalla á ólíkar áherslur. Þá er mikilvægt að nemendur skipti skynsamlega milli sín verkum en vinni jafnframt náið saman við úrvinnslu heimilda og textavinnslu. Vinna í



sameiginlegu google skjali sem allir meðlimir hópsins hafa aðgang að gæti til að mynda verið gagnlegt fyrirkomulag.

Ætlast er til að nemendur kynni sér kvikmyndaverk viðkomandi leikstjóra eftir föngum, bæði með áhorfi og með því að lesa um verkin í heimildum á borð við kvikmyndadóma og viðtöl. Sömu heimildir mynda í framhaldinu hornstein greinargerðarinnar og mikilvægt er að umfjöllunin öll sé studd heimildum og í þær sé vísað með skýrum hætti.

Á IMDB ([www.imdb.com](http://www.imdb.com)) og Kvikmyndavefnum ([www.kvikmyndavefurinn.is](http://www.kvikmyndavefurinn.is)) er hægt að nálgast nokkuð heildstæðar upplýsingar um feril leikstjóra, og á báðum stöðum er að finna dagsetningu frumsýningar. Þessi dagsetning auðveldar ykkur svo að afmarka leit á Tímarit.is ([timarit.is](http://timarit.is)) en þangað sækið þið ykkur fanga hvað varðar upplýsingar um ykkar leikstjóra.

Í námsmatinu verður fyrst og fremst horft til þriggja þátta:

- Textagerðar (skýrleika, málnotkunar, flæðis, frágangs)
- Heimildanotkunar og úrvinnslu á heimildum
- Upplýsingagildis (greinargerðin lýsi ferlinum í heild og geri það með skýrum hætti)

Viðmið er að nokkrar heimildir séu skoðaðar um hverja mynd viðkomandi leikstjóra, auk viðbótarheimilda um lífshlaupið.

Uppkasti að greinargerðinni skal skila til kennara mánudaginn 4. mars. Kennari fer yfir uppkastið og skilar aftur til hóps með ábendingum. Lokaútgáfu skal skila mánudaginn 8. apríl.

Lokagerð greinargerðarinnar mun birtast á kvikmyndasöguvef Kvikmyndafræði Háskóla Íslands ([www.islenskvikmyndafrædi.hi.is](http://www.islenskvikmyndafrædi.hi.is)) undir nafni höfunda.

Hitt er að námskeið sem verið hefur í undirbúningi um nokkurt skeið hjá Kvikmyndafræðinni, „Íslensk kvikmyndasaga“, var hleypt af stokkunum sl. haust og stefnt er á að bjóða upp á það með reglubundnum hætti, á tveggja ára fresti helst. Er þetta fyrsta námskeiðið á háskólastigi (og eftir því sem ég best veit, á nokkru skólastigi) sem gerir íslenska kvikmyndasögu að viðfangsefni. Myndvísir mun nýtast á óteljandi vegu í þessu námskeiði en jafnvel á þessu stigi málsins er um dýrmæta auðlind að ræða fyrir kennsluna.

Vorið 2020 var annars vegar sótt um um 11 milljón króna styrk í Innviðasjóð til að ljúka Myndvísi. Var þar meðal annars gert ráð fyrir að ráða hugbúnaðarverkfræðing til að byggja gagnagrunn fyrir verkefnið og ráða kvikmyndafræðinema til að ljúka gagnavinnunni og heimildarvinnunni. Verkefnið var ekki styrkt en síðar mátti vera ljóst að ekkert sjálfstætt

hugvísindaverkefni er tengist stafrænum vinnuaðferðum átti möguleika á styrkveitingu það árið þar sem umsókn um *Miðstöð fyrir stafræn hugvísindi* hlaut ekki aðeins styrk heldur var sett í sérflokk rannóknarinnviða.


Hitt sem var gert var að taka þátt í atvinnuskapandi aðgerðum ríkisins í tilviki skólafólks og sex nemendur voru ráðnir í sumarvinnu við Myndvísi: Rósa Ásgeirsdóttir, Erla Björnsdóttir, Ragnheiður Davíðsdóttir, Baldur Logi Björnsson, Kjartan Már Ómarsson og Gunnar Tómas Kristófersson. Gunnar Tómas og Rósa voru ráðin sem verktakar en hin í sumarvinnuþrógraminu. Kostnaður fyrir kvikmyndafræðina var um tvær og hálf milljón en raunvirði mannaáðningana um fimm milljónir. Miklum árangri var náð mögulegt væri á ákveðnu tímabili að ljúka verkinu með sumarráðningum af þessu tagi.



Fyrsti vinnufundur Myndvísis sumarið 2020



## ENGAR STJÖRNUR OG HLAÐVARP





HUGRÁS / VEFRIT HUGVÍSINDASVIÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS

UMFJÖLLUN UM HUGRÁS RITID

13. JANÚAR, 2021

HLAÐVARP ENGRA STJARNA #8: REYKJAVÍK FEMINIST FILM FESTIVAL

LESA

R V K F E M I N I S F I L M F E S T I V A

13. júní 2019: „Kafli á ævi listamanns, eða, óhæfusingin“  
 5. apríl 2019: „Eillefu daga kvikmyndaveisla“  
 22. mars 2019: „Já þornótúþunni er alltaf hátíttfimi: Um Stund klámsins“  
 27. febrúar 2019: „Engar stjórnur mæla með á Stockfish 2019“  
 21. desember 2018: „Bestu myndir ársins 2018“  
 13. desember 2018: „Gildismat velmegunarlanda“  
 17. október 2018: „Sælir eru einfaldir“  
 3. október 2018: „Spjall við Baldvin Z“  
 14. september 2018: „Sungió milli menningarheima“  
 9. mars 2018: „Finlegur þvætingur? – Friðriki Erlingsyni svarað“ – meðhöfundur  
 Katrín Guðmundsdóttir og Kjartan Már Ómarsson  
 1. mars 2018: „Engar stjórnur mæla með á Stockfish“  
 22. janúar 2018: „Konur að verki: Viðtal við Þórhildi Þorleifsdóttur“  
 22. desember 2017: „Bestu myndir ársins“  
 13. desember 2017: „Gagnagrunnur um íslenska kvikmyndasögu“  
 7. desember 2017: „Frá ofurhetju til afbyggingar“  
 29. nóvember 2017: „Furðuleg og óhöfleg bjartsýni“: Viðtal við Ágúst Guðmundsson  
 27. nóvember 2017: „Kalt stríð. Um heimildarmyndina „Varnarið““  
 16. nóvember 2017: „Margt býr í rökrúnu“  
 3. nóvember 2017: „Fortíðarmen“  
 23. október 2017: „Landssýn í lífandi myndum“  
 13. október 2017: „Leikstjórassjall við Baltasar Kormák“  
 12. apríl 2017: „Goðmagn fómarinnar, hrifmagn neyslunnar“  
 28. mars 2017: „Voðaverk“  
 9. mars 2017: „Hvernig byggt er á rústum“  
 23. febrúar 2017: „Feigðarflan“  
 5. febrúar 2017: „Gullfiskabróðir Ísland“  
 1. febrúar 2017: „Skynheild myndarinnar“  
 12. janúar 2017: „Lífðu í spurningunni“  
 10. janúar 2017: „Að brýna klernar“  
 6. janúar 2017: „Minnisbók úr undirdjúpunum“  
 21. desember 2016: „Hundalíf“  
 18. desember 2016: „Hin gleðilega sjálfþekking“  
 8. nóvember, 2015: „Véldi og vísindaskáldskaparmyndir“  
 30. júní 2011: „Fleinn í síðu valdsins: Samfélagsrýnirinn Noam Chomsky“

**26. september 2020:**  
**72 dómar Engra stjarna sem hafa birst á Hugarás: Vefriti Hugvísindastofnunar HI**

**2020 – 5 dómar**  
 7. september: „Hverjum klukkan glymur“ – Heiðar Bernharðsson  
 27. apríl: „Blind framsókn tekiferissinnans“ – höf. Heiðar Bernharðsson  
 1. apríl: „Dömsáttel febraveidsins afnuminn“ – höf. Hrafnkell Úlfur Ragnarsson og Jóna Gréta Hilmarisdóttir  
 16. mars: „Hringrás orbedlis“ – höf. Heiðar Bernharðsson  
 3. mars: „Fötum fjór á launa“ – höf. Sigurður Arnar Guðmundsson

**2019 – 22 dómar**  
 16. desember: „Gami maðurinn og fortíðarþráin“ – höf. Heiðar Bernharðsson  
 7. nóvember: „Eitruð karlmenska“ – höf. Arína Vala Þórðardóttir  
 25. október: „Kvenleg mynd af ungdomsvenningu“ – höf. Jóna Gréta Hilmarisdóttir  
 1. október: „Þægindaþeppi hans Tarantino“ – höf. Heiðar Bernharðsson  
 24. september: „Einu sinni var ... í Hollywood“ – höf. Silja Björk Björnsdóttir  
 23. september: „Engar stjórnur mæla með RIFF 2019“ – höf. Björn Þór Vilhjálmsson  
 4. september: „Vændiskona, módel, ljóðskáld“ – höf. Eyja Orradóttir  
 23. ágúst: „Hvernig skal fremja langregið sjálfsvíg“ – höf. Heiðar Bernharðsson  
 6. ágúst: „Engill dauðans“ – höf. Silja Björk Björnsdóttir  
 1. júlí: „Svöðusár tímans“ – höf. Silja Björk Björnsdóttir  
 27. maí: „Kveðjupartí aldarinnar“ – höf. Silja Björk Björnsdóttir  
 13. maí: „Táknfræði hrollvekkunar“ – höf. Silja Björk Björnsdóttir  
 6. maí: „Þjálfun í kynhlverkum“ – höf. Jóna Gréta Hilmarisdóttir og Hrafnkell Úlfur Ragnarsson  
 17. apríl: „Fyrsta femínísta ofurhetjumyndin“ – höf. Stefán Atli Sigryggsson  
 15. apríl: „Þjúkðómseinkenni samfélagsins“ – Hrafn Helgi Helgason  
 19. mars: „Hrútskýring á hefðinni“ – Rósa Ásgeirsdóttir  
 11. mars: „Aftjúpandi gagnrýni á hvít foretindi“ – Silja Björk Björnsdóttir  
 5. mars: „Á þjófar á krókbekknum“ – Silja Björk Björnsdóttir  
 27. febrúar: „Engar stjórnur mæla með á Stockfish 2019“ – Björn Þór Vilhjálmsson  
 22. febrúar: „Á valdi dauðahvatarinnar“ – Silja Björk Björnsdóttir  
 4. febrúar: „Svona fólk“ – Sólveig Johnsen  
 25. janúar: „Normasveigur“ – Silja Björk Björnsdóttir

**2018 – 30 dómar**  
 26. nóvember: „Konungleg skemmtun“ – Sigurður Arnar Guðmundsson  
 26. október: „Rampólítískur súrrealismi“ – Jónas Haux  
 12. október: „Hættan er að svartholið gleypi mann“ – Vilhjálmur Ólafsson  
 1. október: „Listræna hryllingsmyndin“ – Silja Björk Björnsdóttir  
 20. september: „Lof mér að falla“ – Sólveig Johnsen  
 19. ágúst: „Fjarverandi fáfnisbanar“ – Vilhjálmur Ólafsson  
 14. ágúst: „Ringulreið unglingsáranna“ – Sólveig Johnsen  
 5. júlí: „Lífð finnur leið“ – Sigurður Arnar Guðmundsson  
 27. júní: „Heimsins þokkafyllsti íögbrjótur“ – Vilhjálmur Ólafsson  
 14. júní: „Atlaga að fjórða veggnum“ – Sigurður Arnar Guðmundsson  
 15. maí: „Skapadægur“ – Stefán Atli Sigryggsson

3. maí: „Hljóðheimir hryllingsins“ – Silja Björk Björnsdóttir  
 20. apríl: „Myndheimir Van Gogh lífnar við“ – Sólveig Johnsen  
 13. apríl: „Telandi máttur menningaríðmaðarinnar“ – Heiðar Bernharðsson  
 11. apríl: „Sægræn samfélagsmynd“ – Stefán Atli Sigryggsson  
 10. apríl: „Biksvartur gamanleikur“ – Snaevar Berglindur og Valsteinnsson  
 5. apríl: „Andstæða við dásemdardheim Disney“ – Sigurður Arnar Guðmundsson  
 3. apríl: „Konur í skólaheimi“ – Sólveig Johnsen  
 22. mars: „Bytlingarmaðurinn Godard“ – Snaevar Berglindur og Valsteinnsson  
 19. mars: „Tilveruritur“ – Sólveig Johnsen  
 16. mars: „Á skjón við kerfið“ – Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir  
 12. mars: „Sáðbainyndum sníð við“ – Stefán Atli Sigryggsson  
 6. mars: „Heimsstyrjöld orðanna“ – Vilhjálmur Ólafsson  
 2. mars: „Hrjústrugur en heillandi barnaheimur“ – Vilhjálmur Ólafsson  
 1. mars: „Engar stjórnur mæla með á Stockfish“ – Björn Þór Vilhjálmsson  
 21. febrúar: „Finnagaldur“ – Sigurður Arnar Guðmundsson  
 20. febrúar: „Ógleymanleg ást“ – Jens Pétur Kjærmedst  
 16. febrúar: „Ógleymanleg og landráð“ – Snaevar Berglindur og Valsteinnsson  
 9. febrúar: „Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrin“ – Vilhjálmur Ólafsson  
 16. janúar: „Besta vonda myndin“ – Sigurður Arnar Guðmundsson

**2017 – 15 dómar**  
 21. desember: „Skuldardröðurkenning“ – Rósa Ásgeirsdóttir  
 19. desember: „Óvænt endalok“ – Gunnhildur Ágisdóttir  
 11. desember: „Fegurðin í framsandi listformi“ – Sigurður Arnar Guðmundsson  
 4. desember: „Sæmdarvakning í svartnettismynd“ – Heiðar Bernharðsson  
 6. nóvember: „Bákkostur hégómans“ – Rósa Ásgeirsdóttir  
 26. október: „Fegurð heimsins“ – Klara Hödd Ásgrímsdóttir  
 12. október: „Ástarjóni gullnu árunna“ – Rósa Ásgeirsdóttir  
 9. október: „Veröld sem var, veröld sem verður“ – Snaevar Berglindur og Valsteinnsson  
 29. september: „Afneitun er óvinur, þekking er vopn“ – Hildur Harðardóttir  
 31. ágúst: „Hrifmagn þúsund hnaata“ – Halvarður Jón Guðmundsson  
 25. ágúst: „Verðskuldum við fjöröna“ – Heiðar Bernharðsson  
 9. ágúst: „Stuðlað að skáldi“ – Gunnhildur Ágisdóttir  
 2. ágúst: „Fléttu minninga og skynjunar“ – Hildur Harðardóttir  
 13. júlí: „Sameinuð stöndum vér, sundruð föllum vér!“ – Júlía Helgadóttir  
 20. júní: „Kyngevri, karlmenska, kynhögg“ – Heiðar Bernharðsson  
 9. júní: „Vá í viðtöllum sólfersins“ – Júlía Helgadóttir

**Björn Þór Vilhjálmsson – 41 pistlar**

8. september 2020: „Flaði undir fögru yfirvaraskeggi“  
 6. maí 2020: „Hingæð erum við komin til að dæma bestu myndina, ekki versta ástandið“: Evrópski háskólafræðingurinn verður á launum  
 17. febrúar 2020: „Björnum B16 Paradís“  
 31. janúar 2020: „Paradísarmissir“  
 19. desember 2019: „Bestu myndir ársins 2019“  
 15. október 2019: „Samtímarannsóknir í kvikmyndafræði“  
 23. september 2019: „Engar stjórnur mæla með á RIFF 2019“



# Kvikmyndarýnar gefa engar stjörnur



Engar stjörnur er sveit kvikmyndarýna innan háskólans í umsjá Björns Þórs Vilhjálmssonar og Kjartans Más Ómarssonar. Hópurinn rýnir í kvikmyndir með beittum og gagnrýnum hætti og birtir skrif sín rafrænt bæði á vef kvikmyndafræðinnar og Hugrás: Vefriti Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Engar stjörnur tóku sín fyrstu skref í apríl 2017 og hafa síðan þá birt um 150 kvikmyndaumfjallanir.

## GREIN

Natalía Lind Jóhannsdóttir

## LJÓSMYND

Guðmundur Hörður Guðmundsson

Stjarnleysingjar hafa almennt frjálssar hendur hvað varðar skrif sín en fylgja þeirri einu reglu að gefa engar stjörnur. Stjörnugjöf er algeng þegar fjallað er um kvikmyndir, en það er innihaldslaus og grunn aðferð til að mæla gæði enda ótækt að endurspegla kjarna heilla listaverka með því að gefa þeim tvær til fjórar stjörnur. Þegar uppi er staðið þá er stjörnugjöf merkingarlaus og afleið hugmynd að treysta á hana þó stjörnurnar taki sig vel út í auglýsingum, séu þær „nógu“ margar það er að segja. Stjörnugjöf bæði smættar og einfaldar listrýni og því hljóta allar kvikmyndir sem Stjarnleysingjar taka fyrir engar stjörnur, en fá í staðinn þá skörpu og greinagóðu krufningu sem þörf er á þegar kvikmynd er metin.

Stjarnleysingjar stunda margir hverjir kvikmyndafræði við háskólann, en þó má finna þeirra á milli nokkra bókmenntafræðinema, ritlistarnema, heimspekinema og fleiri sem hafa áhuga á kvikmyndum og kvikmyndaumfjöllun. Slík flóra hefur skilað fjölbreytni í skrifum þar sem ólíkir rýnar hafa jafnan ólíkar skoðanir. Stjarnleysingjar hafa í nokkrum tilfellum tekið upp á því að birta fleiri en eina umfjöllun um stöku kvikmynd og uppskorið enn víðara yfirgrip á þeim kvikmyndum sem teknar eru fyrir.

Fyrir skömmu hófst vinna að frumraun Engra stjarna í hlaðvarpsgerð og mun afraksturinn koma út á næstu dögum. Í fyrsta þætti ræðir Björn Þór Vilhjálmsson við þau Silju Björk Björnsdóttur og Heiðar Bernharðsson um Quentin Tarantino, og mun þátturinn verða aðgengilegur á vef kvikmyndafræðinnar undir formerkjum Engra stjarna. Hlaðvarpið þykir vænlegri vettvangur fyrir óformlegri umfjöllun og því verður áhugavert að fylgjast með þessum viðauka í kvikmyndaumfjöllun á Íslandi. Vert er að minnast á að Stjarnleysingjar fara nú þegar með yfirburði í framleiðslu á kvikmyndarýni á landinu og mega vera stoltir af sinni vinnu sem er öll unnin launalaust. Allir textar fara í gegnum ritstjórn sem tryggir að birt skrif séu jafnan í fremsta gæðaflokki og að rýnar hafi tækifæri til að efla leikni sína og verða í kjölfarið fremstu rýnar landsins. ■

# Myndvísir



Stafræn þekkingarveita á sviði  
kennslu og rannsókna í  
kvikmyndafræði

# Hvað er Myndvísir?



## Gagnagrunnur

Myndvísir er gagnagrunnur um umfjöllun um kvikmyndamiðilinn, íslenskar kvikmyndir og leikstjóra í prentmiðlum frá fyrstu tíð umræðunnar til samtímans, og þá jafnt í dagblöðum og menningartímaritum á borð við Rétt, Eimreiðina og Birting. Samlegðaráhrif verða heildræn mynd af stöðu allra íslenskra kvikmynda og leikstjóra í menningarumræðunni, auk viðhorfa í garð kvikmynda. Íslensk kvikmyndamenning hefur aldrei verið rannsökuð með hliðsjón af viðtökusögu tiltekinna kvikmynda eða leikstjóra. Né heldur hefur mynd verið dregin upp af orðræðusviði fjölmiðla um kvikmyndir, enda þótt þar hafi bróðurparti kvikmyndaumræðu þjóðarinnar undið fram. Grunnvirkni Myndvísis þýðir að bæði þessi svið, orðræðusvið fjölmiðla og viðtökusaga íslenskra kvikmynda, eiga sjálfkrafa eftir að birtast í nýju og skýrara ljósi. Mikilvægi gagnagrunnsins felst í því að allri markverðri umræðu og umfjöllun um íslenskar kvikmyndir og leikstjóra, auk almennrar umræðu um kvikmyndir, verður sniðið skilvirkt og notendamiðað viðmót.



## Þekkingarveita án hliðstæðu

Um er að ræða verkefni sem á sér hvergi hliðstæðu, og mögulegt er að hrinda í framkvæmd hér á landi í krafti gagnagrunns Landsbókasafns Íslands, timarit.is. Einkar mikilvægt reyndist líka að verkefnið hlaut styrk Kennslumálasjóðs tvö ár í röð, og er það lífgjafi Myndvísis. Í tilviki einstakra kvikmynda þýðir þetta að öll umræða er tekin saman, allt frá því að fréttir berast fyrst af (fyrirhugaðri) gerð hennar til viðtökusögunnar – og eðli hlutanna samkvæmt verður „ævisaga“ elstu myndanna lengri og umfangsmeiri en þeirra sem nýrri eru. Gögn gagnagrunnsins verða sótt á timarit.is. Þau sem hafa reynslu af gagnagrunni Landsbókasafnsins vita hins vegar að fara verður í gegnum tugi, hundruði og stundum þúsundir „funda“ eða „svara“ í leitarvél síðunnar til að hafa uppi á þekkingarlega tæku eða mikilvægu efni (leit að Friðriki Þór Friðrikssyni fær tæplega 3.200 svör, „kvikmyndir“ fær tæplega 85.000 svör). Framlegð Myndvísis felst í efnismati og orðræðugreiningu, flokkun, uppröðun, framsetningu og skráningu gagnanna, auk ritunar greinargerðar (2000 orð) um hvern leikstjóra sem tekinn er til skoðunar.



# Til hvers er Myndvísir? Notkunarsvið



## Gagnagrunnur

Þessi grunnur opnar nýja möguleika í margvíslegum rannsóknum á íslenski kvikmyndasögu og menningu, ekki síst vinnu umfangsmikilla verka eins og ritun íslenskrar kvikmyndasögu og viðtökufræðilegra rannsókna á tilteknum leikstjórum, tímabilum, og tegundum kvikmynda. Gagnagrunnur af þessu tagi er einnig nauðsynlegur eigi að vinna rannsóknir á menningarbundnum orðræðusviðum, líkt og ef kanna ætti neikvæð viðhorf og tortryggni í garð kvikmynda á fyrstu áratugum aldarinnar, umræðu menntamanna og listamanna um bandarískar kvikmyndir í kalda stríðinu, eða hugmyndir ríkisins á fyrri hluta aldarinnar um að beita kvikmyndum til ímyndunarsköpunar fyrir Ísland á erlendri grundu. Slíkar rannsóknir gætu talist algjör forsenda fyrir því að menningarsaga þjóðarinnar á tuttugustu öld sé rannsökuð og kortlögð með heildstæðum hætti.

Í gagnagrunninum verða ekki raungögnin sem finna má á timarit.is heldur verður til þeirra vísað með greinagóðum og myndrænum hætti:



## Vísir: 30. 10. 1924: Loftur í Kaupmannahöfn að leggja lokahönd á Ísland í lifandi myndum

Í FYRRA STOFNUÐU NOKKRIR REYKVIKINGAR HLUTAFÉLAG TIL ÞESS AÐ TAKA ÍSLENSKAR KVIKMYNDR, OG RÉÐU ÞEIR LOFT GUDMUNDSSON TIL ÞESS STARFS. HANN HEFIR SÍÐAN FARIÐ VÍÐA UM LAND, UNNID KAPPSAMLEGA OG TEKID KVIKMYNDR Á SJÓ OG LANDI. Á MYNDUM ÞESSUM ERU SÝNDIR HELSTU ATVINNUEGIR LANDSMANNA OG MARGIR MERKIR

STAÐIR OG EINKENNILEGIR, ÁR, FOSSAR, GLJUFUR, FJÖLL, JÖKLAR, HVERIR OG LAUGAR O.S.FRV.

LOFTUR ER NÚ STADDUR Í KAUPMANNAHÖFN TIL ÞESS AÐ LEGGJA SÍÐUSTU HÖND Á VERKID, OG HEFIR BLAÐIÐ „BT“ BIRT VIÐTAL VIÐ HANN, OG LOFAR ÞAÐ MJÖG MYNDINA ...

Dæmi um mögulega framsetningu. Myndin t.v. er kvikur tengill á frumgögn.

Að baki slíkra tilvísana liggur mikil vinna við efnismat og greiningu á viðhorfum og aðalatriðum, skráningu gagnanna og svo aðgreining og flokkun þeirra, og framsetning og viðmótshönnun. Notkunarvið gagnagrunnsins felur í sér íslenska kvikmyndamenningu í heild sinni, frá upphafi til samtímans, og verður hann jafnframt opinn öllum þeim sem eru áhugasamir um sviðið. Notendakröfur vefgáttarinnar miðast við skilvirkni, gagnsæi og heildræna sýn á undirliggjandi gagnalíkan og að það sé sniðið að markmiðum verkefnisins um þekkingarmiðlun, auk þess að vera notendavænt bæði hvað útlit, svartíma og leitarmöguleika varðar. Niðurstöður gagnasöfnunar og gagnaúrvinnslu verða þannig gerðar aðgengilegar til leitar og grunnurinn gerir notendum kleift að nálgast frumgögnin í upprunalegri og heildstæðri mynd með auðveldum hætti, með áður nefndum tengli. Kvikmyndir hafa verið miðlægur þáttur í íslenski menningu frá því að sýningar hófust hér á landi skömmu eftir aldamótin 1900, en íslensk kvikmyndagerð hefur jafnvel enn aðra og dýpri þýðingu. Engar íslenskar menningarafurðir ferðast víðar né styður hið opinbera nokkra aðra listsköpun með jafnmiklu fjármagni. Þessi þáttur menningarinnar hefur þó lítið verið rannsakaður og Myndvísir myndi í senn reynast lyftistöng fyrir þverfaglegar kvikmyndarannsóknir, gera þær yfirgripsmeiri, og niðurstöður nákvæmari en ella væri hægt.

## Framtíðarmöguleikar

Þá stendur ekkert í vegi fyrir því að umfang Myndvísir stækki með tímanum og afmörkuðum efnisflokkum verði bætt við. Þannig vann Björn Þór, umsjónaraðili Myndvísir, umfangsmikla rannsókn á lagaumhverfi Kvikmyndaeftirlitis ríkisins, starfsreglum þess og tilkomu ritskoðunar og bannlista á níunda áratug síðustu aldar. Hægt væri að sníða sérstaka gátt um vinnuferli þessarar rannsóknar, sem myndi halda til haga þeim aragrúa heimilda sem unnið var með í rannsókninni. Gáttin gæti nefnst „Kvikmyndaeftirlit ríkisins, ritskoðun og bannlisti“. Sömu skref mætti taka með rannsóknir annarra íslenskra fræðimanna á þessu sviði. Vaxtamöguleikar Myndvísir eru með öðrum orðum umtalsverðir þegar til lengri tíma er lítið.



## Dæmi um mögulega notkun

Þegar vefgáttin er opnuð birtast valmöguleikar um leikstjóra sem framsettir eru með myndrænum hætti. Velji notandi t.d. Loft Guðmundsson, einn af brautryðjendum íslenskrar kvikmyndagerðar, birtist aftur ákveðinn fjöldi valkosta, að þessu sinni kvikmyndaverk Lofts, sem aftur eru framsettir með skýrum og myndrænum hætti. Sé Ísland í lifandi myndum (1925) valin, svo dæmi sé nefnt, birtist öll fjölmiðlaumfjöllun um myndina, allt frá því að fregnir af gerð hennar taka að kvissast út til viðtöku myndarinnar á sínum tíma og svo hvernig fjallað hefur verið um hana á þeirri tæpu öld sem liðið hefur. Hver færsla afmarkast við tiltekna umfjöllun í prentmiðli (grein, viðtal, dóm) og við framsetningu væri áhersla lögð á a) að skýrt væri úr hvaða miðli umfjöllunin væri, dagsetning og höfundur (ef við á) b) stutt lýsing á efni viðkomandi greinar sem gerir notanda kleift að meta gildi og gagnsemi viðkomandi skrifa án þess að kalla þau fram í heild sinni. Vilji notandi kanna efnið ítarlega er h.v. kvikur tengill að viðkomandi grein í

færslunni. Á hinn bóginn gæti notandi valið að kynna sér lífshlaup Lofts Guðmundssonar, og færðist þá yfir á aðra valmynd, þar sem búið væri að flokka fjölmiðlaumfjöllun um Loft í aðgreinanleg svið, líkt og „Ljósmyndaferill“, „Kvikmyndaferill“, „Bandaríkjaferð“, „Raunmyndir“, og „Andlát og arfleifð“. Sama fyrirkomulag yrði svo viðhaft um alla íslenska kvikmyndagerðarmenn og allar íslenskar kvikmyndir. Myndvísir verður öllum opinn og aðgengilegur.

## Lífshlaup Lofts



Ljósmyndaferill



Raunmyndir



Kvikmyndaferill



Bandaríkjaferð

DS

Ekkert í líkingu við Myndvísi er til á Íslandi og því ekki hægt að nefna sambærilega innviði eða aðferðir. Um væri að ræða gagngera umbreytingu á rannsóknarumhverfi íslenskra kvikmynda og kvikmyndamenningar. Það að gagnagrunnurinn framsetur heildstætt yfirlit yfir umfjöllun um kvikmyndir og kvikmyndaumræðuna frá því laust fyrir aldamótin 1900 og til samtímans þýðir að hér skapast tæki sem nýtist öllum þeim sem rannsaka kvikmyndir eða vinna með tengd svið. Notagildið eykst jafnframt í samræmi við umfang rannsóknarinnar, og bilið nær frá því að Myndvísir sé einfaldlega þægileg leið að bakgrunnsupplýsingum og til þess að um rannsóknarstoð sé að ræða sem

veldur straumhvörfum í vinnu fræðimanna. Dæmi um síðarnefndu virknina væri ritun íslenskrar kvikmyndasögu. Í ljósi miðlægrar stöðu kvikmynda á tuttugustu öldinni og fyrirferðar þeirra í menningarumræðunni gefur einnig auga leið að notagildi Myndvísis nær langt út fyrir raðir kvikmyndafræði. Sagnfræði, menningarfræði, listfræði, kynjafræði, íslensk fræði, bókmenntafræði, allt eru þetta greinar og svið sem fást við menningu í víðum skilningi og kvikmyndir koma iðulega við sögu í þeirra fræðaumhverfi, auk annarra.

Jafnframt ber að hafa í huga að samhliða þeim fræðilega ávinningi sem rætt hefur verið um hér að framan verður ákveðinn kimi þekkingarumhverfis kvikmyndaumræðunnar kortlagður. Með safni af þessu tagi væri ekki einungis hægt að halda til haga þekkingu og merkingarbæru orðræðusviðum sem búa í prentuðum heimildum heldur lægi kortlagning birtingarvettvangs þeirrar umræðu einnig fyrir. Umræðan sjálf er eitt, en vettvangur hennar er svo annað. Hægt verður að sjá hvaðan umræðan/þekkingin sprettur sem kallar jafnvel á annars konar spurningar. Þekkt er úr kvikmyndasögunni að umræða sem síðar á eftir að hafa umtalsverð áhrif á fyrirkomulag kvikmyndagerðar, tækni- og vísindaumræða til að mynda, á sér oft stað í fag- og tæknitímaritum áður en hugmyndirnar finna sér samastað í umhverfi lista og er þar hrint í framkvæmd í menningarlegu samhengi. Með skráningu birtingarvettvangsins, nokkuð sem á sér stað meðfram sértækri gagnasöfnun, opnast rannsóknarsvið sem snerta á stofnanaumhverfi þekkingarsköpunarinnar, ekki síður en þekkingarinnar sjálfar.

Myndvísir mun koma að miklu gagni við menntun og þjálfun háskólanema á öllum stigum námsins, auk fræðimanna. Grunnurinn stórbreytir tækifærum háskólanema til að fjalla um þætti tengda íslenskum kvikmyndum í lokaverknum, BA og MA ritgerðum og doktorsverkefnum, auk þess sem auknir möguleikar skapast fyrir framhaldsnema til að stunda margvíslegar sjálfstæðar rannsóknir – rannsóknir sem ekki hefði verið hægt að vinna með jafn skilvirkum og nákvæmum hætti áður. Í ljósi þess að kvikmyndafræðin mun bæta við sig meistarastigi í nánustu framtíð, stefnan er haust 2022, er full ástæða til að ætla að Myndvísir yrði lykiltæki við háskólakennslu í greininni og metnaðarafullum lokaverkefnum er gera íslenska kvikmyndamenningu að viðfangsefni fjölgi til muna. Í ljósi þess að hér væri gríðarlegu magni af gögnum er tengjast íslenskri kvikmyndasögu safnað saman í fyrsta sinn og þau flokkuð og framsett má jafnframt ætla að við fræðimönnum blasi alveg nýtt landslag, ekki aðeins í formi rannsóknarstoðar heldur líka í formi upplýsingaumhverfis sem í krafti fordæmaleysis eigin tilvistar og rökvísi uppbyggingarinnar virki í senn hvetjandi og sem viðkynning á allt að því nýju rannsóknarsviði.